

42.tbl.

23. nóv 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Upplifðu aðventuna í Mývatnssveit, töfralandi jólanna

LAUGARDAGUR 3. DESEMBER
JÓLASVEINAHÁTÍÐIN Í MÝVATNSSVEIT

Kl. 11-14

Opnunarhátíð Jólasveinanna í Dimmuborgum

Heimsæktu Jólasveinana í Dimmuborgum. Sprell, söngvar og gleði svo allir komast í jólaskap!

Kl. 12-17

Stóri Jólamarkaðurinn í Skjólbrekku

Fjölbreytt úrval af norðlenskrri hönnun og matvöru. Yfir 20 seljendur!
Kvenfélag Mývatnssveitar verður með kaffi, kakó og vöflusölu.

Veljum íslenskt
í jólapakkann í ár!


Kl. 16

Jólasveinabaðið í Jarðböðunum við Mývatn

Jólasveinarnir í Dimmuborgum baða sig einu sinni á ári og eru misgláðir með þá hefð. Sumir gætu hugsað sér margt annað skemmtilegra en í bað skulu þeir!



Ekki láta þig vanta í fjörið!



Jólasveinarnir í Dimmuborgum taka á móti gestum í desember

Miðasala fyrir heimsóknir og jólasveinabaðið á tix.is



**Frá Bókasafninu
í Stórutjarnaskóla
Upplestrar- og þrjónakvöld**

verður mánudaginn 28. nóvember kl. 19:30 – 21:30

upplestur úr nýjum bókum

Komum saman og eigum notalega stund

Sjáumst á safninu!

Kökubasar, lukkupakkar, upplestur!

Kökubasar Kvenfélags Reykdæla veður haldinn á Breiðumýri sunnudaginn 4. desember kl. 14.00 Boðið er til sölu bakkelsi af ýmsu tagi auk lukkupakka.

Að basar loknum verður boðið upp á kaffi og smákökur og lesið úr nokkrum vel völdum bókum.

Allir hjartanlega velkomnir

Hlökkum til að sjá ykkur

Kvenfélag Reykdæla

Félagsstarf eldri borgara Þingeyjarsveit

Fimmtudaginn 24. nóvember kl. 13:00 í Skjólbrekku, verður boðið uppá fræðslufyrirlesturinn „Þroskaverkefni ellinnar“ og fjallar hann um þær áskoranir sem gjarnan fylgja hækkandi aldri, einkum á félagslegu og geðrænu sviði.

Fyrirlesari er Sigrún Huld Þorgrímsdóttir sérfræðingur í öldrunarhjúkrun með áherslu á geðheilbrigði.

Sigrún Huld mun einnig kynna bókina sína „Ný menning í öldrunarþjónustu“ og verður hún til sölu á kr. 3000.

Bókin inniheldur ýmiss konar efni um öldrun og aldraða og er skrifuð fyrir allan almenning þótt aðalmarkhópurinn sé fólk með skipuleggur, framkvæmir og kennir um þjónustuna

Við vekjum athygli á því að félagsstarfið verður í Skjólbrekku að þessu sinni og eru allir velkomnir.

Vonumst til að sjá sem flesta,
Hanna Magga (863 3381),
Svana (898 0463)



Aðstoðarleikskólastjóri

Leikskólinn Ylur auglýsir eftir aðstoðarleikskólastjóra.

Leikskólinn Ylur auglýsir stöðu aðstoðarleikskólastjóra.

Um er að ræða gefandi og skemmtilegt stjórnunarstarf í góðu starfs- umhverfi barna og fullorðinna. Tækifæri til faglegar starfsþróunar og þátttaka í þróun á starfinu. Leitað er að leikskólakennara með leiðtoga- hæfileika sem er tilbúinn að taka þátt í að leiða áfram metnaðarfullt og faglegt starf leikskólans.

Ylur er eins deilda leikskóli í Mývatnssveit en grunnskólinn Reykja- hlíðarskóli og leikskólinn Ylur eru samrekin. Í haust er gert ráð fyrir að um 25 börn verði í leikskólanum á aldrinum 1-6 ára, en börn eru tekin inn í leikskólann frá 10 mánaða aldri. Ylur er grænfána- og heilsuefandi leikskóli sem leggur áherslu á heilsuefningu, vináttu, leik og útikennslu. Mikið og gott samstarf er á milli leik- og grunnskólans og íþróttamið- stöðvarinnar í Mývatnssveit.

Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan leikskólakennara. Leitað er að einstaklingi með góða hæfni og lipurð í samskiptum, með góða þekkingu og reynslu af leikskólastarfi og hæfni til að veita faglega forystu

Helstu verkefni og ábyrgð

Faglegur leiðtogi og stuðningur aðra starfsmenn leikskólans.

Vinna ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun auk skipulagningar kennslu- og uppeldisstarfsins.

Staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans.

Sinnir starfi deildarstjóra.

Virkur þátttakandi í mótun stefnu leikskólans og áætlunargerð með leikskólastjóra.

Samskipti og samvinna við foreldra í samráði við skólastjóra.

Sinna öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur honum.

Menntunar- og hæfniskröfur

Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi.

Góð reynsla af starfi leikskólakennara

Reynsla af stjórnun æskileg.
Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
Mjög góð hæfni og lipurð í samskiptum.
Sjálfstæði og frumkvæði.
Góð íslenskukunnátta

Við leitum af starfsfólki sem

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum
- Er lausnamiðað og vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Hefur reynslu/menntun af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi, hreint sakarvottorð og hafa náð þrepi C1 í íslensku.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Fríðindi í starfi

Stytting vinnuviku
Heilsustyrkur
Samgöngustyrkur
Flutningsstyrkur

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Starfið er laust frá 1. janúar 2023.

Umsóknarfrestur er til 2. desember 2022.

Sveitarfélagið hefur laust leiguhúnsæði til umráða.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir, anna@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.

Nánari upplýsingar um leikskólann er hægt að finna á <https://ylur.leikskolinn.is/>



Kynning vegna breytingar á aðalskipulagi Pingeyjarsveitar

Skipulagsnefnd Pingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum 16. nóvember 2022 að kynna

vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010 - 2022 vegna lagningu jarðstrengs frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu 1. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta afhendingaröryggi á svæðinu.

Vinnslutillagan eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins undir [skipulagsauglýsingar](#). Opið hús verður að starfstöð sveitarfélagsins Hlíðarvegi 6 fimmtudaginn 24. nóvember frá kl 13 – 16 þar sem mögulegt verður að kynna sér tillöguna, forsendur hennar og umhverfismat. Hægt verður að skila inn athugasemdom og ábendingum til föstudagsins 2. desember 2022 á skipulagsfulltrúa, atli@thingeyjarsveit.is eða skriflega á starfstöð sveitarfélagsins, Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn.

Frá félagi eldri borgara í Pingeyjarsveit.

Haustfundur félagsins verður haldinn
í Stórutjarnaskóla þriðjudaginn
29. nóvember í tenglsum við opið hús.

Fundurinn hefst kl 15.

Rætt um vetrarstarfið.

Stjórnin.



Kyrrðar- og bænastund á Einarstöðum

Kyrrðar- og bænastund verður í Einarstaðakirkju næstkomandi miðvikudag 30. nóvember klukkan 20:00.

Verið öll velkomin
Séra Þorgrímur.

Haustfundur og aðventugleði Kvenfélags Mývatnssveitar

verður í Selinu 24. nóvember kl 20:00.
Við byrjum á að næra okkur, göngum svo til dagskrár og gerum svo eitthvað skemmtilegt.

Við biðjum konur að koma með smá pakka í „jólápúkk“.
Nýir félagar velkomnir og við hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórnin.

Velferðasjóður Þingeyinga

vill þakka fyrir styrki og velvild í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi. Velvilji ykkar er ómetanlegur!

Munum!, að engum megum við gleyma! Við óskum ykkur gleðilegrar hátíðar!

Sækja þarf um úthlutun úr Velferðasjóðnum fyrir nóvembermánuð, fyrir **20. nóvember**. Við söfnum umsóknum um aðstoð í desember, til **3. desember**.

Jólaúthlutun fer fram 16. desember.

Allir sem búa í Þingeyjarsýslu, norður og suður, geta sótt um styrk. Úthlutanir eru alfarið í formi matarkorta sem nota má í Nettóverslunum.

Best er að senda umsóknir á: rkihusavik@simnet.is
[og/eða að koma þeim til okkar í gegnum sóknarpresta.](#)

Jólaúthlutun í Langanes og Skinnastaðaprestakalli fer fram heima í héraði.



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.200– m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.100.-m vsk.</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Pingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir
s. 8953386

**Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir leikskólakennara/
leikskólastarfsmanni í 50-60% starf við leikskóladeildina Krílabæ
á Laugum í Reykjadal.**

Staðan er áætluð frá og með 1. janúar 2023.

Við leitum að starfsmanni sem:

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Er lausnamiðaður
- Er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2022.

Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri

í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum

netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is eða Birna Óskarsdóttir

deildarstjóri Krílabæjar í vs. 4643315/8420050 eða í gegnum netfangið

birnao@thingeyjarskoli.is

**Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir leikskólakennara/
leikskólastarfsmanni í 100% starf við leikskóladeildina Barna-
borg við Þingeyjarskóla.**

Staðan er áætluð frá og með 1. janúar 2023.

Við leitum að starfsmanni sem:

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Er lausnamiðaður
- Er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennslu-
hætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem
auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stund-
vísi og hreint sakavottorð.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja
um.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2022.

Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri
í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum
netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is eða Nanna Marteinsdóttir
deildarstjóri Barnaborgar í vs. 4643590/8626483 eða í gegnum
netfangið nanna@thingskoli.is

11. fundur Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 2022-2026



haldinn í Skjólbrekku miðvikudaginn 09. nóvember kl. 13:00

Fundarmenn

Knútur Emil Jónasson, Eygló Sófús dóttir, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson, Úlla Árdal, Haraldur Bóason, Einar Örn Kristjánsson

Starfsmenn, Jón Hrói Finnsson

Í upphafi fundar bar varaoddviti upp tillögu um að eftirtalin mál yrðu tekin á dagskrá með afbrigðum, sem var samþykkt samhljóða:

Mál nr. 2211020 - Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2022

Mál nr. 2211019 - Boð á aukafund Mýsköpunar ehf. 2022

Í boðaðri dagskrá var gert ráð fyrir umfjöllun um fundargerð 5. fundar skipulagsnefndar en þar sem hún var tekin til afgreiðslu á 10. fundi sveitarstjórnar var dagskrárliðurinn felldur út.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2023-2026 - 2208046

Sveitarstjóri fer yfir stöðu vinnu við fjárhagsáætlun.

Sveitarstjórn hefur fundað þrisvar á vinnufundum um fjárhagsáætlun og nýtur aðstoðar fjármálaráðgjafa KPMG við vinnuna. Fundað hefur verið með forstöðumönnum um breytingar í rekstri, viðhaldsverkefni og framkvæmdir. Gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlun verði lögð fyrir sveitarstjórn til fyrstu umræðu á 12. fundi hennar þann 23. nóvember 2022.

Samþykkt

2. Erindi um þátttöku í umframkostnaði við þjónustu við fatlað fólk 2021 - 2211009

Í bréfi dagsettu 31. október 2022 fer Bergþór Bjarnason, fjármálastjóri Norðurþings þess á leit að Þingeyjarsveit greiði hlut í hallarekstri í málaflokki fatlaðs fólks árið 2021. Samkvæmt útreikningum með erindinu er hallareksturinn samtals um 144 m.kr. og hlutur Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps um 38 m.kr.

Til máls tóku: Jón Hrói og Arnór

Samkvæmt grein 9.1.5. í þjónustusamningi Þingeyjarsveitar við Norðurþing um sameiginlegt þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu er gert ráð fyrir að Norðurþing skili skýrslu þar sem meðal annars skal gerð grein fyrir tölulegum upplýsingum sem lýsa eðli, umfangi og kostnaði þjónustunnar.

Sveitarstjórn kallar eftir skýrslu samkvæmt greininni og frestar afgreiðslu erindisins.

Frestað

3. Erindi varðandi Skútahraun 2A og 2B - 2210036

Lagt fram erindi eigenda Skútahrauns 2a sem lýsa vilja til að kaupa Skútahraun 2b sem er sambyggt eign þeirra, ásamt meðfylgjandi bílskur í núverandi ásigkomulagi. Í erindinu kemur fram að mikið viðhald sé framundan.

Til máls tóku: Jón Hrói og Jóna Björg.

Afgreiðslu frestað. Sveitarstjóra er falið að afla frekari gagna um fasteignina. Frestað

4. Trúnaðarmál – 2210043 Skráð í trúnaðarmálabók.

5. Tilnefning fulltrúa í fagráð Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn - 2211-013

Þingeyjarsveit og Norðurþing eiga sameiginlegan fulltrúa og varafulltrúa í fagráði Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn. Samkvæmt samkomulagi við Norðurþing er lagt til að Bergþóra Kristjánsdóttir verði tilnefnd sem aðafulltrúi sveitarfélaganna í fagráð og að Norðurþing skipi varafulltrúa.

Enginn tók til máls. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

Samþykkt

6. Samstarfssamningur um skipan í Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra og rekstur heilbrigðiseftirlits - 2211008

Lögð fram drög að endurnýjuðum samstarfssamningi um skipan Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra og rekstur heilbrigðiseftirlits. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

Grein hefur verið uppfærð með hliðsjón af breyttri sveitarfélagaskipan á starfssvæði HNE.

Í **2. grein** er kveðið á um að heilbrigðisnefndin verði skipuð af stjórn SSNE af afloknum sveitarstjórnarkosningum í stað þess að það verði gert á þingi Eyþings til að flýta fyrir skipan nýrrar heilbrigðisnefndar eftir sveitarstjórnarkosningar.

Í **3. grein** er lagt til að heilbrigðisnefnd ráði aðeins framkvæmdastjóra HNE í stað þess að ráða bæði framkvæmdastjóra og heilbrigðisfulltrúa, en eðlilegt er að framkvæmdastjóri HNE sjái um starfsmannahald.

Að lokum er lagt til í **4. grein** að fjárhagsáætlun skuli send sveitarstjórnnum til umfjöllunar eigi síðar en 1. september í stað 1. ágúst, og að hún teljist samþykkt hafi ekki borist athugasemdir fyrir 1. desember í stað 1. nóvember.

Enginn tók til máls.

Sveitarstjórn samþykkir samstarfssamninginn samhljóða og felur sveitarstjóra að skrifa undir hann fyrir sína hönd. Samþykkt

7. Boð á aukabing SSNE - 2209010

Í tölvupósti dagsettum 3. nóvember 2022 boðar Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE, til seinna aukabings SSNE þann 2. desember næstkomandi. Lagt fram til kynningar. Lagt fram

8. Ritun annáls í Árbók Þingeyinga - 2211014

Lögð fram tillaga oddvita um að samið verði við Sverri Haraldsson um ritun annáls í Árbók Þingeyinga. Sverrir hefur verið annálsritari fyrir Þingeyjarsveit í mörg ár en Birkir Fanndal sem ritað hefur annálinn fyrir Skútustaðahrepp hefur óskaði eftir lausn frá starfi. Lagt er til að samningur við Sverri gildi út kjörtímabilið eða til haustsins 2026. Kostnaður við annálsritunina er kr. 350.000,- á ári og uppreiknast miðað við neysluvísitölu, í fyrsta sinn 1. júlí 2024. Enginn tók til máls.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða. Samþykkt

9. Samstarf Þingeyjarsveitar og Landsvirkjunar - 2211015

Í samningi Þingeyjarsveitar við Landsvirkjun um jörðina Þeistareyki er kveðið á um skipan samráðsnefndar sem í sitja tveir fulltrúar frá hvorum samningsaðila.

Lagt er til að Gerður Sigtryggsdóttir, oddviti sveitarstjórnar og Arnór Benónýsson verði fulltrúar Þingeyjarsveitar í nefndinni.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða. Samþykkt

10. Sparisjóður Suður-Þingeyinga - Fundarboð - 2210040

Lagt fram fundarboð stefnumótunarfundar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga þar sem stofnfjárhafar og stjórnendur sparisjóðsins munu horfa saman til framtíðar. Fundurinn verður haldinn þann 12.nóvember næstkomandi klukkan 10-17.

Lagt er til að Gerður Sigtryggsdóttir verði fulltrúi Þingeyjarsveitar á fundinum og fari með umboð sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða. Samþykkt

11. Ósk um viljrði um áframhaldandi stuðning - 2211016

Í tölvupósti frá 4. nóvember 2022 óskar Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir, fyrir hönd Mývatnsstofu, eftir staðfestingu sveitarstjórnar á því að hún muni standa við skuldbindingar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar samkvæmt eldri samningum sveitarfélaganna og Mývatnsstofu.

Ragnhildur og Úlla vöktu athygli á mögulegu vanhæfi sínu.

Þar sem Ragnhildur er stjórnarformaður og því fyrirsvarismaður Mývatnsstofu telst hún vera vanhæf. Sem almennur starfsmaður Mývatnsstofu telst Úlla ekki vera vanhæf. Niðurstaðan er samhljóða í báðum tilfellum.

Til máls tóku: Jóna Björg.

Sveitarstjórn óskar eftir kynningu frá Mývatnsstofu. Afgreiðslu er frestað.

12. Boð á aukafund Mýsköpunar ehf. 2022 - 2211019

Tekið á dagskrá með samþykki allra fundarmanna.

Í tölvupósti frá 8. nóvember boðar Dagbjört Inga Hafliðadóttir, framkvæmdastjóri, til aukafundar hjá Mýsköpun ehf. sem haldinn verður miðvikudaginn 16. nóvember 2022 kl 17:00.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sitja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt

13. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2022 - 2211020

Í tölvupósti frá 1. nóvember 2022 boðar Jóhannes Á. Jóhannesson til aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn verður í Þorlákshöfn, föstudaginn 11. nóvember kl. 13:00.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Arnóri Benónýssyni umboð sitt á aðalfundinum og tilnefnir Knút Emil til framboðs til setu í stjórn samtakanna. Samþykkt

14. Fræðslu- og velferðarnefnd - 3 - 221006F

Fundargerð 3. fundar fræðslu- og velferðarnefndar var lögð fram til staðfestingar á 11. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 9. nóvember 2022. Fundargerðin er í nýu liðum. Sjá bókun við hvern dagskrárlið.

12.1 2005020 - Barnvæn sveitarfélög - Innleiðing barnasáttmála

Afgreiðsla fræðslu- og velferðarnefndar á 3. fundi hennar var staðfest á 11. fundi sveitarstjórnar.

12.2 2209036 - Skólabyrjun

Afgreiðsla fræðslu- og velferðarnefndar á 3. fundi hennar var staðfest á 11. fundi sveitarstjórnar.

12.3 2210033 - Minnisblað skólastjóra Reykjahlíðarskóla varðandi Leiksólann YI

Afgreiðsla fræðslu- og velferðarnefndar á 3. fundi hennar var staðfest á 11. fundi sveitarstjórnar.

12.4 2210032 - Starfsmannamál í Þingeyjarskóla

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

12.5 2210003 - Erindi til fræðslunefndar

Afgreiðsla fræðslu- og velferðarnefndar á 3. fundi hennar var staðfest á 11. fundi sveitarstjórnar.

12.6 2209028 - Ný skólastefna Þingeyjarsveitar

Afgreiðsla fræðslu- og velferðarnefndar á 3. fundi hennar var staðfest á 11. fundi sveitarstjórnar.

12.7 2210035 - Umsókn um grunnskólavist utan Þingeyjarsveitar

Afgreiðsla fræðslu- og velferðarnefndar á 3. fundi hennar var staðfest á 11. fundi sveitarstjórnar.

12.8 2209002 - Tónlistarskólinn á Akureyri - umsókn um viðbótartónlistarnám Jón Aðalsteinn Snæbjörnsson

Afgreiðsla fræðslu- og velferðarnefndar á 3. fundi hennar var staðfest á 11. fundi sveitarstjórnar.

12.9 2210028 - Niðurfelling á gjöldum vegna félagslegrar þátta

Afgreiðsla fræðslu- og velferðarnefndar á 3. fundi hennar var staðfest á 11. fundi sveitarstjórnar.

Fundi slitið kl. 14:00.

Þingeyjarskóli auglýsir eftir skólaliða. Staðan er áætluð frá og með 1. janúar 2023.

Við leitum að starfsmanni sem:

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Er lausnamiðaður
- Er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2022. Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is